



Félag háskólakennara

Aðalfundur

Félags háskólakennara, félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana.

verður haldinn fimmtudaginn 16. maí 2019
Háskólatorg stofa 101 frá kl. 15:00 – 17:00

Dagskrá:

1. Lögð fram ársskýrsla.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Ákveðið félagsgjald og hlutdeild félagsgjalda í kjaradeilusjóð sbr. 3. gr. reglna um sjóðinn.
4. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
5. Kosin stjórn, sbr. 8. grein.
6. Kosin kjörnefnd, sbr. 8. grein.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

3. Ákveðið félagsgjald,

Tillaga stjórnar Félags háskólakennara á aðalfundi 16. maí 2019

Stjórn Félags háskólakennara leggur til að félagsgjald verði óbreytt frá því sem verið hefur, eða 0,55% af heildarlaunum og hlutdeild þess í kjaradeilusjóði áfram 9,1%.

4. Tillögur um lagabreytingar:

Engar tillögur um lagabreytingar eru lagðar fram á aðalfundi Félags háskólakennara, 16. maí 2019.

5. Kosin stjórn, sbr. 8. grein.

Samkvæmt bréfi kjörnefndar til stjórnar, dags. 8. maí 2019

Formaður til eins árs:

Michael Dal, dósent við Menntavísindasvið, deild faggreinakennslu.

Meðstjórnendur til tveggja ára:

Ásta Dís Óladóttir, lektor við Félagsvísindasvið, Viðskiptafræðideild.

Baldvin M. Zarióh, stjórnarsýsla, Vísinda- og nýsköpunarsviði.

Berglind Eva Benediktsdóttir, dósent við Heilbrigðisvísindasvið, Lyfjafraðideild.

Guðmundur Ingi Guðmundarsson, stjórnarsýsla, Landsbókasafn-háskólabókasafn.

Sævar Ingþórsson, aðjunkt við Læknadeild Heilbrigðisvísindasviðs.

6. Kosin kjörnefnd, sbr. 8. grein.

Tillaga frá stjórn:

Kristín Harðardóttir.

Sverrir Guðmundsson.

Sigríður Jónsdóttir.

7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Tillaga frá stjórn:

Sigríður Jónsdóttir.

Reynir Örn Jóhannsson.

8. Önnur mál

i. Aðalfundur, haldinn 16. maí 2019, ályktar eftirfarandi:

Hluti stundakennara við Háskóla Íslands (HÍ) eru ekki í vinnu annarstaðar og því án stéttarfélagsaðildar. Annar hluti stundakennara tekur þátt í kennslu við HÍ vegna sérfræðipækkingar sinnar og þá utan sinnar aðalvinnu. Stundakennarar er hafa það að aðalstarfi að kenna við HÍ og sjá um viðamikla kennslu ákveðinna námskeiða ættu að geta talist starfsmenn HÍ í fullu eða hlutastarfi. Því leggur stjórn Félags háskólakennara (Fh) fram eftirfarandi tillögu til umfjöllunar og samþykktar á aðalfundi félagsins, 16. maí 2019:

„Aðalfundur Félag háskólakennara dags. 16. maí 2019 ályktar eftirfarandi: Stundakennarar sem kenna 400 kennslustundir eða fleiri á ári geta réttilega talist kennarar við Háskóla Íslands. Félag háskólakennara mælist því til að þessum einstaklingum verði boðin staða aðjúnkts II samhliða ráðningu og aðild að stéttarfélagi Félags háskólakennara. Slíkt fyrirkomulag mun tryggja þeirra vinnuvernd og rétt.“

ii. Aðalfundur, haldinn 16. maí 2019, ályktar eftirfarandi:

Stjórn Félags háskólakennara, félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana, er heimilt að setja reglur um endurgreiðslu ævigjalds í Orlofssjóð BHM, sbr. sambærilegar reglur Félags íslenskra náttúrufræðinga, samþykktar hinn 10. ágúst 2012.